



„Það er mín skoðun að öll börn eigi að fá tækifæri til að ná árangri í lífinu, hvar sem þau eiga heima. Ég er stolt af því að fara fyrir þessu mikilvæga verkefni og að hjálpa til við að breiða út boðskapinn um að öll börn eigi rétt á að lifa án ótta við ofbeldi og að elta drauma sína.“

Serena Williams Atvinnukona
í tennis og velgjörðarsendiherra
UNICEF

Að skilja ofbeldi í samfélögum

Viðfangsefni

Borgararéttur

Námsmarkmið

- Að skilja hvað ofbeldi er og hvernig það getur tekið á sig ólíkar myndir
- Að kanna mismunandi ástæður ofbeldis í heiminum
- Að átta sig á tengslum á milli reynslu af ofbeldi á heimaslóðum og ofbeldis á heimsvísu
- Að þróa lausnir til að sporna gegn ofbeldi

Undirbúningur

- Lesið athugasemdir til kennara um ofbeldi gegn börnum í Viðauka 1
- Undirbúið töflu til að skrifa hugmyndir nemenda á
- Prentið út sögur barnanna í Viðauka 2 eða gerið þær aðgengilegar með öðrum hætti

Heildartími:

60
mínútur

Aldursviðmið:

11-14
ára



„World's Largest Lesson“ er samstarfsverkefni um menntun sem styður við kynningu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið er lífandi sönnun mikilvægis Heimsmarkmiðs númer 17 sem fjallar um alþjóðlega samvinnu og væri ekki mögulegt án samstarfsaðila okkar og vinnu þeirra hver með öðrum.

Með þökkum til stofnenda verkefnisins:



Stuðningsaðili:

Dreifingaraðili:

Þýðingaraðilar:



Sérstakar þakkir til þeirra sem hafa unnið með okkur um allan heim:



Kennsluefnið er útbúið í samvinnu við www.think-global.org.uk. Sem styður menntun í þágu réttláts og sjálfbærs heims.



Inngangur

15
mín

Hefjið umræðuna um ofbeldi - hvaða orð tengir hópurnir við ofbeldi? Hugsið almennt um mismunandi gerðir ofbeldis, þar með talið ofbeldi af því tagi sem gæti átt sér stað í nærsamfélagi nemenda og ofbeldi sem þeir hafa heyrt um í innlendum eða erlendum fréttum (sýnið aðgát gagnvart nemendum og fjölskyldum þeirra sem gætu hafa upplifað ofbeldi).

Biðjið nemendur að skrifa orðin á blað. Farið á milli allra í hópnum og biðjið þá um að deila orðunum sínum.

Eru einhverjar tegundir ofbeldis sem koma upp oftar en einu sinni (t.d. líkamlegt eða tilfinningalegt ofbeldi, átök eða gengjaofbeldi?) Hvar eiga þessar gerðir ofbeldis sér stað? Eða endurspeгла flest orðanna tilfinningar sem tengjast reynslu af ofbeldi?

Að kanna ofbeldi víða um heim

25
mín

Biðjið nemendur að lesa sögur barnanna. Nemendur ættu svo að ræða eða skrifa niður svör við eftirfarandi spurningum sem tengjast sögunum:

- Hverjir voru þolendur ofbeldisins í sögunni og hverjir voru gerendur?
- Hvaða gerðir ofbeldis hefur þú fræðst um? Er það annars konar ofbeldi en minnst var á í byrjun kennslustundarinnar?
- Hvað átti þátt í að ofbeldið átti sér stað? Hvetjið nemendur til að hugsa um víðtækari mál eins og fátækt og atvinnuleysi og einnig staðbundnar ástæður eins og viðhorf fólks til ofbeldis og álag sem fylgir því að vera ungur.

Sameinið bekkinn í umræðum um síðustu spurninguna. Vekið athygli á samsvörnum milli hvernar sögu og reynslu eða þekkingar nemendanna.

Hvað er hægt að gera?

10
mín

Biðjið nemendur í pörum að ræða og sammælast um þrjár aðgerðir sem gætu komið í veg fyrir hverskyns ofbeldi sem þeir hafa séð eða heyrt um í þeirra eigin samfélagi eða skóla. Minnið nemendurna á þær gerðir ofbeldis sem rætt var um áður og að ofbeldi eigi sér mörg birtingarform. Sameinið bekkinn í umræðum um aðgerðirnar og skrifið þær á töfluna. Nemendur gætu kosið fimm vænlegustu aðgerðirnar og útbúið stefnuskrá um breytingar í sínu samfélagi.

Ef til vill vilja nemendurnir líka velta fyrir sér aðgerðum til þess koma í veg fyrir ofbeldi á heimsvísu.

Aðgerðir gegn ofbeldi í samfélaginu

10
mín

Breytið aðgerðalistanum í aðgerðaráætlun og hafið til sýnis í bekknum. Ræðið hvernig nemendur gætu breitt út boðskapinn um aðgerðir í gegnum skólann eða nærsamfélagið.

Take Action for the Global Goals

As an educator you have the power to channel students' positive energies and help them believe that they are not helpless, that change is possible, and that they can drive it.

The Design for Change "I Can" School Challenge invites children to take action, make change for themselves and share it with children across the world.

Visit www.dfcworld.com to get started.

To download a Design for Change lesson pack or a simple advice pack for young people to take action themselves visit www.globalgoals.org/worldslargestlesson



Ofbeldi gegn börnum

BAKGRUNNUR FYRIR KENNARA UM OFBELDI GEGN BÖRNUM

Ofbeldi og misnotkun á börnum er hnattrænt vandamál. „Við erum að svipta hulunni af þeirri staðreynd að börn verða fyrir svænsnu ofbeldi í daglegu lífi, allsstaðar,“ segir Susan Bissel, yfirmaður barnaverndar hjá Unicef á heimsvísu.

Ofbeldi gegn börnum er skilgreint í 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna þar sem rætt er um vernd gegn „hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun.“

Til eru margar mismunandi gerðir ofbeldis, þar á meðal líkamlegt, sálrænt og kynferðislegt ofbeldi. Það er ýmist beint eða óbeint. Ofbeldi getur til dæmis beinlínis breytt lífi eða bundið enda á það með líkamlegum skaða. Og það getur líka verið óbeint - til dæmis að verða vitni að heimilisofbeldi eða áhrif stríðs á lönd og samfélög.

Ofbeldi getur átt sér stað á bak við luktur dyr; Unicef álitur að drjúgur hluti af ofbeldi gegn börnum sé ekki tilkynnt.

Við vitum líka að ofbeldi getur haft slæm áhrif á þróunarvanda sem fyrir er. Það getur til dæmis hindrað að barn njóti menntunar ef skóli er notaður sem herstöð. Ofbeldi getur líka haft slæm áhrif á heilaproska barna, sem getur orðið til þess að þau nái ekki fullum þroska.

Ef við ætlum í alvöru að komast áleiðis í að búa börnum betri heim, þarf það að vera forgangsmál að takast á við ofbeldi.

Vinsamlegast athugið:

Í samræðum við nemendur um ofbeldi þarf að sýna aðgát og nærgætni og huga að reynslu þeirra og bakgrunni. Kennslustofan á að vera öruggur staður þar sem nemendur geta deilt hugmyndum sínum og jafnvel reynslu sinni. Einhverjir nemendur gætu viljað fá að sleppa við einhverjar umræður og þær óskir ber að virða. Eftirfarandi vefsíður hafa að geyma gagnlegar ráðleggingar fyrir umræðu um umdeild málefni í skólastofunni.

Leiðbeiningar Oxfam í Bretlandi um kennslu umdeilda málefna

<http://www.oxfam.org.uk/education/teacher-support/tools-and-guides/controversial-issues>

Leiðbeiningar Historical Association um kennslu tilfinningahlaðinnar og umdeildrar sögu

<http://globaldimension.org.uk/resources/item/1522>

Mörgum kennurum hefur þótt gagnlegt að nýta aðferðir Philosophy for Children þegar mál af þessu tagi eru til umræðu. Sjá nánar hér:

<http://globaldimension.org.uk/news/item/13650>

Ef þú telur þig ekki hafa nægan undirbúning til þess að kenna þetta efni, hafðu þá samband við skrifstofu UNICEF áður en kennslan hefst.



Sjáanlegur árangur

Við vitum að það er hægt að takast á við ofbeldi og að til eru leiðir til að koma í veg fyrir það, og til að styðja börn sem orðið hafa fyrir því. Hér eru nokkur dæmi:

Stefna: Stuðningur við foreldra, umönnunaraðila og fjölskyldur

Þriggja ára löng rannsókn í Tyrklandi sýndi að þegar skapað var öruggt fjölskylduumhverfi fyrir bágstaddar mæður og börn þeirra varð það til þess að það dró úr líkamlegum refsingum um 79%. Mæður mættu í reglulega umræðutíma um uppeldi sem umsjónarmenn af viðkomandi svæði leiddu og þær fengu stuðning frá öðrum mæðrum í nágrenninu sem heimsóttu þær og leiðbeindu þeim um uppeldisaðferðir.

Stefna: Að hjálpa börnum að ráða við áhættu sem þau standa frammi fyrir

Áætlun sem nær til 150 brasilískra skóla snýst um að hjálpa börnum í fátækrahverfum að komast yfir þau tilfinningalegu áföll sem þau hafa orðið fyrir vegna ofbeldis. Áætlunin vinnur að því að börnin ná aftur að samlagast samfélaginu og hjálpa þeim að komast hjá frekara ofbeldi.

Stefna: Að efla stuðningsþjónustu fyrir börn

Lögreglan í Súdan hefur stofnað fjölskyldu- og barnaverndarsveitir sem hafa bætt að mun aðgang að lögregluaðstoð fyrir fórnarlömb ofbeldis og ungmenni sem hafa komist í kast við lögin. Áður en þessar sveitir voru settar á fót hafði lögreglan ekki alltaf tíma til að rannsaka kynferðisleg og líkamleg ofbeldismál gegn börnum og margir glæpir voru ekki tilkynntir. Í kjölfar árangursríks tilraunaverkefnis hafa 18 slíkar sveitir verið settar á fót vítt og breitt um Súdan.

Stefna: Innleiða lög og reglur sem vernda börn

Árið 1979 varð Svíþjóð fyrsta landið til þess að banna hvers kyns líkamlegar refsingar (þ.e. refsingar þar sem sársauka er valdið af ásettu ráði í refsingarskyni). Þetta leiddi til þess að á 35 árum dró úr líkamlegum refsingum um 80%.





Saga Martins, El Salvador

Martin er 11 ára og er að fara í 5. bekk. Honum finnst gaman að hjóla og spila fótbolta við afa sinn. Hann býr með mömmu sinni í miðborgarhverfi í El Salvador.

Fyrir nokkrum árum byrjaði stóri bróðir hans að hegða sér öðruvísi. Hann var farinn að vera með vinnuhópi sem Martin vissi að var glæpagengi. Hann byrjaði að reykja og nota eiturlyf og með tímanum varð hann ofbeldishneigður. Eitt sinn vaknaði Martin við það að bróðir hans sparkaði ítrekað í hann að ástæðulausu.

Því miður lést bróðir Martins fyrir ári síðan út af of stórum eiturlyfjaskammti. Vinir hans hlupu burt og skildu hann eftir í krampakasti, og aðeins einn þeirra sneri til baka til að athuga hvort hann væri á lífi. Hann er það fyrsta sem Martin hugsar um þegar hann vaknar. „Þegar ég hugsa um bróður minn,“ segir Martin „þá hugsa ég um að hann komi heim, að hann komi aftur, og á eftir þegar ég verð dapur út af þessu öllu þá reyni ég að dreifa huganum með því að fara út að hjóla.“ Martin dreymir um að búa á friðsælli stað þar sem minna er um ofbeldi.

Martin á erfitt með að treysta öðru fólki en segir að hann muni aldrei koma nálægt glæpagengjum enda hafi hann séð hvernig það sem kom fyrir bróður hans hefur haft áhrif á hann og mömmu hans og hann vill vera öðruvísi. Hann segir að það yrði sér ekki til góðs að ganga til liðs við glæpagengi, hann myndi bara enda eins og bróðir sinn. Í staðinn einbeitir hann sér að því að læra stærðfræði og langar til að verða læknir eða bókari til þess að öðlast betra líf. Í dag gengur Martin í skóla þar sem Unicef stendur fyrir verkefni sem kallast No te digna („Stígið upp“) og kennir börnum að leysa deilur án ofbeldis, að það sé rangt að beita ofbeldi og að þau þurfi ekki að þjást í hljóði. Við getum hjálpað börnum sem búa við hættu eins og Martin.



Saga Denis, Gvatemala

Denis er 10 ára og í 5. bekk. Hann býr með foreldrum sínum í Gvatemala í Mið-Ameríku. En Denis var ekki alltaf eina barnið. Yngri systur hans var rænt þegar hún var aðeins tveggja mánaða gömul. Denis og foreldrar hans vita ekki hvar hún er niðurkomin.

Denis og fjölskylda hans hafa fengið stuðning frá Fórnarlambasjóði á vegum Unicef sem hjálpar þeim að leita að systur hans. Denis hefur áhyggjur af systur sinni en hann er vongóður. „Ég er mjög leiður að hafa ekki systur mína“ segir hann „En ég er viss um að við finnum hana.“

Gvatemala er eitt hættulegasta land í heimi fyrir börn. Þar eru barnamorð næstalgengust í heiminum. Á hverjum degi missa 40 börn foreldra sína vegna ofbeldis og daglega er tilkynnt um 22 ný kynferðisbrotamál gegn börnum (a.m.k. eitt á hverjum tveimur klukkustundum) þótt fæst þeirra fari fyrir dóm.



Saga Aliu, Nígeríu

Þegar Alia var 10 ára frétti fjölskylda hennar að Boko Haram-liðar hefðu ráðist á nálæg þorp í Michica í norðausturluta Nígeríu. Daginn eftir komu þessir menn í þorpið hennar og pabbi hennar var drepinn. Aliu tókst að flýja ásamt móður sinni og öðrum ættingjum til bæjarins Mubi en þau urðu að skilja allar eigur sínar eftir.

Þremur mánuðum seinna var líka ráðist á Mubi og fjölskyldan neyddist til að flýja yfir landamærin til nágrannalandsins Kamerún. Á endanum komust þau aftur til Nígeríu og halda nú til í búðum fyrir fólk sem missti heimili sín vegna árásanna. Alia gengur nú í skóla sem er styrktur af Unicef í búðunum.

Móðir hennar var með of háan blóðþrýstingi og sykursýki fyrir árásirnar og nú er hún mjög veik, sem eykur á áhyggjur Aliu. Alia saknar pabba síns og vina sinna og er hrædd um að verða aftur fyrir árás en hún neitar að gefa upp vonina. „Mig langar að verða hjúkrunarkona,“ segir hún. „Mig langar að hjálpa fólki.“ Ef ekki væri fyrir búðir eins og þær sem Alia og móðir hennar búa í, gæti fólk á átakasvæðum ekki fundið neitt öruggt skjól. Það er mikilvægt fyrir börn að njóta verndar fyrir átökum og ofbeldi og að fá hjálp ef þau lenda í stríði.



Saga Susönu, El Salvador

Susana er 13 ára og býr í El Salvador, landi þar sem mörg börn eru lenda klóm valdamikilla glæpagengja. Susana er sjálf í nefnd til að fyrirbyggja ofbeldi í skólanum sínum, en margir vina hennar hafa tekið þátt í gengjaofbeldi. Hún hefur þekkt krakka sem voru góðir nemendur en hættu í skóla vegna þess að foreldrar þeirra áttu í vandræðum, fóru að nota eiturylf og sumir þeirra dóu jafnvel.

Nokkrar vinkonur Susönu eiga kærasta sem eru í glæpagengjum, og fyrir vikið hafa þær ýmist gerst ofbeldisfullar við Susönu eða látið undan þrýstingi og tekið þátt í starfsemi glæpagengjanna. Susana hefur reynt að styðja eina af vinkonum sínum með því að segja henni að hún geti „valið að eiga ekki kærasta í glæpagengi.“ Frændi Susönu varð að flytja burt eftir að hann neitaði að ganga í glæpagengi því hann óttaðist um líf sitt.

Susana heldur að ofbeldishneigð glæpamanna stafi af þunglyndi og af því að þeir eigi ekki fjölskyldu eða fái ekki stuðning frá fjölskyldum sínum. Í glæpagengjunum fái þeir viðurkenningu og finnst þeir vera hluti af hópnum. Hún segir að foringjar glæpagengjanna séu eins konar föðurmyndir og að þeir neyði drengi til að þjóna þeim í skiptum fyrir stuðning. Hún segir að „strákur gæti spurt af hverju hann eigi að drepa og þá segi foringinn „af því ég studdi þig“.“

Forvarnarnefndin sem Susana er í kennir börnum að vera góðir foreldrar í framtíðinni og hún segist ætla að elska börnin sín. Susana heldur ekki að hún sé hugrakkari en hver annar, en það sé hættulegt heilsunni að vera í glæpagengi og það þurfi að vinna gegn ofbeldi. En stundum reynist erfitt að breyta rétt og það getur kostað mikinn kjark og þor. Susönu dreymir um að búa í frjálsu landi þar sem vanrækt börn eiga annarra kosta vól en að blandast inn í gengjaofbeldi.



Saga Faridu, Níger

Farida, sem er 16 ára, flúði að heiman eftir að stjúp móðir hennar misnotaði hana og lenti í klónum á ofbeldisgengjum í borginni Zinder í Níger. Gengin fá börn til að fremja rán og árásir. Stúlkur eru sérstaklega varnarlausar og oft misnotaðar.

Börn eiga rétt á því að vaxa óhult úr grasi. Þegar börn víða um heim eru spurð hvað veiti þeim ánægju og öryggisfinningu er langalgengasta svarið að vera með fjölskyldunni. En fyrir alltof marga byrjar ofbeldið snemma og það byrjar inni á heimilinu.

Í mörgum löndum er mikið um ofbeldi í tengslum við glæpagengi og eiturlyf, sérstaklega í borgunum sem vaxa hratt án þess að fjárfest sé í innviðum og réttarkerfi.

Athvarfið gerir Faridu og öðrum ungum stúlkum sem hafa orðið fyrir ofbeldi kleift að endurhæfa sig og kemur þeim aftur heim til fjölskyldna sinna. „Mig langar svo að verða lögfræðingur og verja réttindi barna,“ segir Farida.

Í dag er Farida örugg. En milljónir annarra barna eru enn í hættu. Við þurfum að gera meira til að stöðva á ofbeldi gegn börnum fyrir fullt og allt.



Nafni hefur verið breytt og mólur situr fyrir á ljósmyndinni.

Saga Hanhs, Bandaríkin

Hanh er 16 ára og fæddist í Víetnam í suðaustur Asíu. Þegar Hanh og systir hans voru lítil var þeim rænt og kona í Missouri í Bandaríkjunum ættleiddi þau ólöglega.

Konan sem ættleiddi þau ólöglega neyddi þau til að vinna til að afla henni peninga . „Hún lét mig bera út blöð, vaska upp á veitingastöðum og stundum vinna byggingavinnu. Hún lét systur mín þrifa á hóteli í nágrenninu og sjá um öll þrif og matseld á heimilinu,“ sagði Hanh. Ef þau afhentu henni ekki alla peningana sem þau unnu sér inn, þá barði hún þau.

Eftir áralangt harðræði sagði Hanh prestinum í kirkjunni sinni – sem hann treysti vel – hvers kyns var. Presturinn hafði samband við hjálparmiðstöð fyrir mansal sem aðstoðaði Hanh og systur hans við að sleppa úr þessum aðstæðum og þau fengu læknaaðstoð, ráðgjöf og öruggan stað til að búa á. Hanh sagði „Nú getum við byrjað að jafna okkur eftir þessi kúgunarár.“

Í dag eru Hanh og systir hans óhult. En milljónir barna eru enn í hættu. Við þurfum að gera meira til að binda endi á ofbeldi, kúgun og misnotkun barna.

Case study courtesy of Polaris (the parent organisation of the National Human Trafficking Resource Center) and TeachUnicef.